



Ytra mat

Bláskógaskóli Laugarvatni
Leikskóladeild

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og barnamálamálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2759-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsfólk	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsfólk	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	16
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	18
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	18
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	19
Annað samstarf	19
Skóli án aðgreiningar	20
Skólaþjónusta og sérkennsla	20
Börn með annað móðurmál en íslensku	20
Innra mat	21
Skipulag og viðfangsefni	21
Gagnaöflun og vinnubrögð	21
Opinber birting og umbætur	21
Samantekt matsþátta.	23
Samantekt.	24
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Bláskógaskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og er starfræktur í einu húsi. Tvær leikskóladeildir eru í skólanum og þar eru 21 barn. Leikskólinn er staðsettur á Laugarvatni og er Bláskógabyggð rekstraraðili. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og þarf að leita lausna. Leikskólinn vinnur eftir skóla- og lestrarstefnu sveitafélagsins og hefur sett sér einkunnarorð. Að sögn kennara og starfsfólks er húsnæði leikskólans að mörgu leyti óhentugt. Útileiksvæði leikskólans er nýuppgerð, vel tækjum búið og býður upp á góð tækifæri fyrir leik.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af metnaði og fagmennsku. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengi að þeim er gott. Góð samskipti eru við þá og þeir veita endurgjöf, hvatningu og hrós. Starfsandi og skólabragur er góður. Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni, deilir þekkingu og hjálpsemi ríkir innan hópsins. Starfsfólk fær fjögur starfsþróunarsamtöl á ári. Til er símenntunaráætlun og stjórnendur hvetja til símenntunar. Undirbúningstímar falla aldrei niður og starfsfólk sem ekki á samningsbundinn undirbúningstíma fær tvo tíma á viku. Gerð hefur verið starfsmannahandbók sem er aðgengileg starfsfólki. Aðstoðarskólástjóri sér um að handleiða nýtt starfsfólk út frá móttökuáætlun. Skólanámskrá og skóladagatal er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskóla og er aðgengilegt á heimasíðu skólans. Endurskoða ætti skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð og þeim virðist líða vel. Umhyggja og uppbygging einkenna samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar. Leikstofurnar eru stórar og bjóða upp á að skipta börnunum í minni hópa með skilrúmunum og teppamottum. Gætt er jafnvægis á milli borð- og gólfleikja. Áherslur leikskólans í uppeldis- og menntastarfi eru meðal annars útinám og dyggðakennsla, frjáls leikur og horft er til starfsaðferða Reggio Emilia. Einnig er unnið með verkefni eins og *Lubbi finnur málbein*, *Vináttuverkefnið Blær og Art*. Dagskipulagið einkennist af frjálsum leik inni og úti, útinámi, samverustund, hvíld, matartíma og skipulögðum stundum elstu barnanna með grunnskólanum. Aðstoðarskólástjóri og kennarar skipuleggja störf starfsfólks. Í skólanámskrá er fjallað um hvaða hætti er unnið að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár. Lagt er upp úr lýðræðislegri þátttöku barnanna. Unnið er skipulega að mati á námi og framförum þeirra með viðurkenndum matslistum og listum sem starfsfólk hefur útbúið. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi er að vinna með uppeldislegar skráningar barna til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð. Foreldrar í rýnihópi segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af hlýju og virðingu. Þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum, þau eru hvött til sjálfshjálpar og þeim er hrósað. Í mars 2021 var gerð foreldrakönnun á vegum skólapúlsins þar sem fram kemur að ánægja foreldra með stefnu leikskólans og verkefni barnanna ásamt daglegu starfi er yfir landsmeðaltali og einnig viðmót starfsfólks til barnanna. Jafnframt kom fram að tæp 60% foreldra eru óánægð með tímasetningar viðburða sem þeim er ætlað

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

að taka þátt í. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og við upphaf leikskólagöngunnar er foreldrum boðið í heimsókn og fá þeir aðlögunaráætlun með upplýsingum um markmið aðlögunar. Gott samstarf er við grunnskólann og er til áætlun um það. Meðal annars fara elstu börn leikskólans vikulega með grunnskólabörnum í útinám. Foreldrafélag er sameiginlegt með grunnskólanum. Það er virkt og stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir árið. Foreldraráð er einnig sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann og kallast skólaráð. Fundargerðir hafa ekki verið birtar á heimasíðu skólans síðan í september 2021.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann og hefur umsjón með börnum með sérþarfir. Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik. Umræða um börn með sérþarfir fer fram á deildarfundum. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með börn með sérþarfir inni á deild og í daglegu starfi deildarinnar. Einstaklingsnámskrár eru gerðar og haldnir eru teymisfundir. Gott aðgengi er að sérfræðingum og ráðgjöf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Námsumhverfið býður upp á aðstæður til þjálfunar og auðvelt er að nálgast kennslugögn. Ekki eru til verkferlar um móttöku leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku en notast er við túlkaþjónustu í samskiptum við foreldra þegar þörf krefur.

Innra mat

Skólastjóri ber ábyrgð á innra matinu ásamt aðstoðarskólastjóra en allir hagsmunahópar þurfa að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra. Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og viðtöl við starfsfólk og foreldra eru nýtt í innra mat. Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Til er sjálfsmatsáætlun en hún þarfnast endurskoðunar. Gerð er umbótaáætlun sem borin er undir skólaráð.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Bláskógaskóli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 14.-15. september 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send skólastjóra 17. ágúst á rafrænu formi. skólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýniviðtöl við kennara, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og einnig var haft símasamband við sveitarstjóra sem er næsti yfirmaður skólastjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send skólastjóra til yfirlestrar.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn í Bláskógaskóla er tveggja deilda leikskóli, staðsettur á Laugavatni í Bláskógabyggð. Opnunartími skólans er virka daga frá klukkan 08:00-16:00. Laugardalshreppur rak leikskólann Lind á Laugarvatni frá árinu 1976. Árið 2012 var leikskólinn Lind sameinaður Grunnskóla Bláskógabyggðar og fékk þá samrekin leik- og grunnskóli nafnið Bláskógaskóli. Í leikskólanum er 21 barn á aldrinum eins til sex ára, 12 stúlkur og 7 drengir. Sérkennsla er veitt þeim börnum sem þurfa og hluti barna er með annað móðurmál en íslensku. Á deildinni Bjarnalundi eru börn fædd 2020 -2021 og á Stóra Gili eru börn fædd 2017-2019.

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólinn er á einni hæð og er staðsettur í viðbyggingu við húsnæði grunnskóladeildar. Innangengt er á milli leikskóla- og grunnskóladeildar. Mjór gangur liggur í gegnum húsið. Stóra Gil hefur yfir að ráða tveimur stofum, sem eru sín hvorum megin við ganginn, önnur nýtt sem heimastofa og hin er matstofa. Hreinlætisaðstaða fyrir börnin á eldri deildinni er staðsett í fataklefa. Í rýnivíðtölum við aðstoðarskólalastjóra, kennara og starfsfólk kom fram að húsnæðið sé að mörgu leyti óhentugt svo sem fataklefi og hreinlætisaðstaða fyrir eldri börnin. Á vettvangi sáu matsaðilar hve þröngt var og erfitt fyrir börn og starfsfólk að athafna sig í fataklefa yngstu barna sem er staðsettur á mjóum gangi, að aðstöðu vantar fyrir geymslu á barnavögnum bæði úti og inni, þá er ekki gert ráð fyrir sér rými til grófhreyfipjálfunar og listsköpunar í húsnæði leikskólans. Á Bjarnalundi er gengið inn á heimastofu og inn af heimastofu er innangengt inn í hvíldarherbergi, leikstofu og hreinlætisaðstöðu barnanna. Þá er í húsnæði leikskóladeildar skrifstofa aðstoðarskólalastjóra, undirbúningsherbergi, býtibúr, þvottahús og stofa sem er nýtt af báðum deildum. Fataklefi fyrir báðar deildar er á milli deildanna og er þar inngangur annars vegar að framanverðu og hinsvegar af útileiksvæði. Kaffistofa starfsfólks er sameiginleg fyrir leik- og grunnskóla og er staðsett í húsnæði grunnskóladeildar.

Húsnæðið uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði leikskólans er afgirt svæði bakatil við húsið. Útileiksvæðið var gert upp síðastliðið sumar og í öllum rýnivíðtölum kom fram mikil ánægja með hvernig til tókst. Á leiksvæðinu eru fjölbreytt leiktæki, hjólastígar, litskrúðug fallvörn, grasflatir, brekkur, lautir og fjölbreyttur gróður. Rúmgóð geymsla er fyrir útileikföng og í einu horni garðsins eru svæði með ræktunarkössum. Þá kom fram í rýnihópum og matsaðilar sáu á vettvangi að umhverfi leikskólans er mikið nýtt til náms og leikja.

Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er samtals 12 manneskjur í 8,89 stöðugildum. Tveir stjórnendur eru í leikskólanum: skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri. Skólalastjóri er í 0,50% stöðu við leikskólann og er með leikskólakennararéttindi og M.Ed í uppeldis- og menntunarfræðum. Aðstoðarskólalastjóri er í 100% stöðu og er með leikskólakennaramenntun ásamt diplóma í stjórnun menntastofnana. Ekki eru deildarstjórar starfandi í leikskólanum heldur sinnir aðstoðarskólalastjóri stjórnun leikskólans.⁴ Sérkennslustjóri í 20% stöðuhlutfalli er með leikskólakennaramenntun. Þrjú kennarar með kennsluréttindi starfa einnig í leikskólanum. Fjórir leiðbeinendur eru ófaglærðir en hafa menntun á öðrum sviðum og eru í 350% starfi. Í leikskólanum starfa 10 konur og tveir karlmenn. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólalastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

4 Rýnivíðtal við aðstoðarskólalastjóra.

Hugmyndafræði og áherslur

Áherslur í starfi leikskóladeildar í Bláskógaskóla samkvæmt starfsáætlun 2022-2023 eru lýðræði, félagsfærni, samvinna og samstarf milli skólastiga. Einnig er horft til stefnu og starfsaðferða Reggio Emilia og er markvisst unnið að því að efla og ýta undir frumlega og skapandi hugsun. Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru leiðarljós við námskrágerð leikskólans. Bláskógabyggð samþykkti lestrarstefnu árið 2017 og skólastefnu árið 2018 og tekur leikskólinn mið af þessum stefnum. Bláskógaskóli er hluti af heilsuefandi samfélagi. Skólinn hefur markað sér sérstöðu í útinámi undanfarin ár ásamt því að þróa fræðslu til dyggða síðastliðin þrjú ár. Verkefnastjóri sinnir útinámi og dyggðakennslu á báðum skólastigum. Þá er skólinn Grænfánaskóli og flaggaði grænfánum í sjötta sinn vorið 2022. Bláskógaskóli tók þátt í Erasmus verkefni frá nóvember 2021 til 31. október 2022 sem styrkt er af Evrópusambandinu og ber yfirskriftina „Lýðræðisleg viðhorf barna“. Verkefnið var unnið í samvinnu við tékknesku samtökin Pangea og er sambland af tékknesku verkefni *fræðsla til dyggða* og útikennslu í Bláskógaskóla. Markmið með þessu verkefni er að gera dyggða- og útikennslu að veruleika, læra um notkun dyggðaspaldanna og finna leiðir til að þróast með nemendum í leik og starfi. Bláskógaskóli hefur sett sér einkunnarorðin virðing, vinátta, gleði og segir í starfsáætlun skólans að kennarar, foreldrar og nemendur hafi sett fram þau gildi sem þeir töldu mikilvæg og lýsandi fyrir skólastarfið. Matsaðilar sáu á vettvangi að einkunnarorðin eru sýnileg í skólanum. Í rýnivíðtali sögðust foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans, sögðu þau virk og unnið í samræmi við þau. Foreldrar sögðust ekki þekkja nógu vel til stefnu skólans nema útinámið sem er mjög sýnilegt. Foreldrar sögðu að stefna leikskólans hefði ekki verið kynnt sérstaklega fyrir sér og þeir hefðu ekki tekið þátt í mótun hennar. Í rýnivíðtali við kennara og annað starfsfólk kom fram að þau hefðu ekki beint tekið þátt í að móta stefnuna en séu ánægðir með hana og hafi tækifæri á fundum til að koma með hugmyndir og sjónarmið. Allt starfsfólk þekkti einkunnarorð skólans og gat nefnt þau.

Styrkleikar

- Útileiksvæði leikskólans er nýuppgert og er mikil ánægja hjá foreldrum og starfsfólki með hvernig til tókst.
- Skólinn tekur mið af lestrar- og skólastefnu sveitafélagsins og er hluti af heilsuefandi samfélagi.
- Bláskógaskóli er grænfánaskóli og er umhverfi leikskólans nýtt til náms og leikja.
- Bláskógaskóli tók þátt Erasmus verkefni á síðasta ári.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga um kennara.
- Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki að öllu leiti ákvæði laga svo sem fjölnota rými til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða.
- Huga þarf að þátttöku starfsfólks og skólasamfélagsins við stefnumótun.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Bláskógaskóla er sveitafélagið Bláskógabyggð. Á vegum sveitafélagsins starfar skólanefnd sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitastjórnar. Skólanefnd er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Formaður er kosinn af sveitarstjórn og sveitarstjóri á seturétt á fundum nefndarinnar. Sveitarstjóri Bláskógabyggðar er næsti yfirmaður skólastjóra. Skólastjóri sagðist sitja fundi skólanefndar, góð samvinna sé við nefndina og hann sé vel upplýstur um þau mál sem á að taka fyrir og hann upplifi virðingu. Skipurit er aðgengilegt í starfsáætlun Bláskógaskóla. Eins og áður hefur komið fram er Bláskógaskóli samrekinn leik- og grunnskóli og er stjórnun í höndum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Skólastjórar í Árnesþingi funda á sex vikna fresti og er fundunum stjórnað af kennsluráðgjöfum skólaþjónustu Árnesþings. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings, hegðunarráðgjafa og kennsluráðgjafa frá Skólaþjónustu Árnesþings. Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt skóla- og lestrarstefnu sveitarfélagsins og þá má finna á heimasíðu skólans eftirfarandi áætlanir: Áfallaáætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, öryggis- og slysavarnaráætlun, faliðunaráætlun og viðbragðsáætlun við inflúensu og covid 19. Í símaviðtali við sveitarstjóra kom fram að samskipti við skólastjóra séu mjög góð, hann passi ágætlega upp á fjármálin og fari eftir þeim ramma sem settur er.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Bláskógaskóla kom út árið 2020 og gildir til 2024 og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólanámskráin er sameiginleg fyrir leik- og grunnskóla. Stjórnendur skólans segja að skólastjóri eigi frumkvæði að gerð hennar og að foreldrar og starfsfólk hafi komið að þeirri vinnu, niðurstöður úr Skólaþúlsinum hafi verið nýttar svo og hugarkort nemenda. Í rýnivíðtölum könnuðust foreldrar ekki við að hafa komið að gerð skólanámskrár en kennarar og annað starfsfólk kannaðist við að hafa lesið yfir námskrána og verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna birtist í starfinu. Í skólanámskrá er ekki að finna upplýsingar um aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að mótun hennar. Þá vantar að tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla. Ekki er heldur að finna með hvaða hætti er unnið með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, hvernig upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs eru birtar eða viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati.

Skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er aðgengilegt í starfsáætlun Bláskógaskóla 2022-2023 og á heimasíðu skólans. Starfsáætlun 2022-2023 uppfyllir áherslur aðalnámskrár leikskóla en og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Í rýnivíðtölum sögðust foreldrar, kennarar og annað starfsfólk ekki hafa komið að undirbúningsvinnu fyrir starfsáætlun.

Stjórnun og starfsfólk

Skólastjóri Bláskógaskóla hefur starfað við skólann síðan 2015 og aðstoðarskólastjóri síðan 2019. Hvorki er til formleg né skrifleg verkaskipting á milli stjórnenda. Að sögn stjórnenda er teymishugsun í gangi og því flókið að gera verkaskiptingu en þeir telja að starfsfólkið sé meðvitað um hlutverkaskiptingu og leiti jafnt til beggja stjórnenda. Stjórnendateymi, sem í sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri, er starfandi við skólann. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að aðstoðarskólastjóri sé meira sýnilegur í leikskólanum og stjórn honum en þeim finnst stundum að grunnskólinn hafi meira vægi og gangi fyrir í stjórnun. Upplýsingar um skólastarfið eru veittar á skipulagsdögum, starfsmanna- og deildarfundum og í fundargerðum. Þá er upplýsingatafla í kaffistofu, facebooksíða fyrir starfsfólk og rafræn sameiginleg mappa á tölvudrifi skólans. Í rýnihópum kennara og annars starfsfólks kom fram að upplýsingaflæði mætti vera skilvirkara. Það kom einnig fram að stöðufundir á morgnana voru lagðir niður og er þeirra saknað. Oft skorti upplýsingar um hvernig skuli leysa daginn ef vantar starfsfólk og einnig mættu vera meiri upplýsingar um sérþarfir einstakra barna. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir skólaárið og er á skóladagatali. Skipulagsdagar eru fimm á

ári auk eins dags fyrir *haustþing félags leikskólakennara og stjórnenda leikskóla*, sem haldið er fyrir alla leikskóla Suðurlands. Skipulagsdagar eru nýttir til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starfið, til námskeiðshalds og í fyrirlestra. Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega og lögð er fram dagskrá fyrir fundi. Dagsetningar fyrir starfsmannafundi eru skipulagðar þegar haustönn hefst og eru auglýstar á kaffistofu og í rafrænni starfsmannasameign skólans. Þegar starfsmannafundir eru sameiginlegir fyrir leik- og grunnskóla eru þeir tveggja tíma langir en starfsmannafundir eingöngu fyrir leikskóla eru í klukkustund. Deildarfundir eru mánaðarlega fyrir hvora deild. Þar sem meðal annars eru tekin fyrir einstök mál sem tilheyra deildinni, stilltir saman strengir, umræða um foreldraviðtöl og daglegt starf. Eins og áður hefur komið fram eru fundargerðir ritaðar á skipulagsdögum og öllum fundum og eru gerðar aðgengilegar í sameiginlegri möppu í innra tölvukerfi skólans. Fram kom í rýnihópi kennara og annars starfsfólks að vel sé gætt að því að undirbúningstímar falli ekki niður. Starfsfólk sem ekki á samningsbundinn undirbúningstíma fær tvo tíma á viku til undirbúnings. Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá. Stjórnendur sögðust skipuleggja og samhæfa störf starfsfólks en kennari á leikskóladeildum er í verkefnastjórnstöðu í útinámi og dyggðakennslu. Í rýniviðtölum við kennara og starfsfólk kom fram að fagfólk og kennarar skipuleggi og leiði starfið og kennarar séu í forystu og leiðsagnarhlutverki á deildum. Starfsmannahandbók er til staðar og er aðgengileg í undirbúningsaðstöðu starfsfólks og á sameiginlegu rafrænu drifi skólans. Aðstoðarskólastjóri sér um að leiðbeina nýju starfsfólki samkvæmt móttökuáætlun Bláskógaskóla. Skólastjórnendur eru er með fjögur stutt starfsþróunarsamtöl fyrir starfsfólk á ári. Gerð hefur verið handbókin „*Gerum gott betra*“ fyrir starfsþróunarsamtöl og símenntun starfsfólks sem unnið er eftir. Starfsfólk skráir sjálft markmið og endurmenntun sína en stjórnendur skrifa hjá sér athugasemdir sem starfsfólk bendir á, en mikilvægur hluti viðtalanna er að starfsfólk rýni í eigið starf, markmið og framtíðarsýn. Kennarar og starfsfólk sagðist í rýniviðtölum vera ánæggt með starfsþróunarsamtölin en að auka mætti eftirfylgni. Símenntunaráætlun fyrir 2022–2023 liggur fyrir og er aðgengileg í starfsáætlun skólans. Að sögn stjórnenda heldur starfsfólk sjálft utan um símenntun sína og skráir. Í rýniviðtölum við kennara og starfsfólk kom fram að stjórnendur hvetji fólk til að efla sig í starfi.

Fagleg forysta

Í viðtali við skólastjóra kom fram að samvinna og lausnarmiðun séu gildin sín auk þess skipti umhyggja og agi sig miklu máli. Hann telur sig vera sanngjarnan og heiðarlegan stjórnanda sem gangi strax í málin ef eitthvað kemur upp á. Skólastjóri virðir ágreining þó samskipti séu góð og hefur barnið alltaf í brennidepli og segist reyna að fara á hverjum degi inn á deildir, stundum bara til að ræða við börnin, reynir þá að hrósa, taka á málum og veita endurgjöf.

Aðstoðarskólastjóri segist vilja trúna hinu besta um alla og gefa öllum tækifæri, vill að starfsfólk tjái sig um áhugasvið sín þannig að hægt sé að átta sig á hvernig hæfileikar viðkomandi nýtast í starfi. Aðstoðarskólastjóri segist stíga hratt og vel inn ef eitthvað er að malla í starfshópnum, telur samstarf vera gott í leikskólanum, leggur áherslu á að allir fái að láta rödd sína heyrast og gefur fólki tíma og hvetur til að koma með mál inn á fundi. Þá segist hann fara mikið inn á deildir bæði til að leysa af og einnig til að fylgjast með starfinu og veita endurgjöf og reynir þá að vera styðjandi.

Í rýnihópum kennara og annars starfsfólks kom fram að stjórnendur séu báðir mjög öflugir, samskipti við þá góð og þeir komi inn á deildar og veiti endurgjöf, hvatningu og hrós. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengi að þeim gott. Foreldrar sögðust í rýniviðtali eiga mjög góð samskipti við stjórnendur, aðgengi að þeim og upplýsingaflæði sé gott. Börnin gátu í rýniviðtali nefnt skólastjórnann með nafni og sögðu hann vinna í skólanum, hann hringir bjöllunni og segir krökkunum að fara inn.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að skólabragur og starfsandi væri mjög góður. Fólki líður almennt vel í vinnunni og þykir það metið að verðleikum og er stolt af starfi sínu. Starfsfólk upplifir virðingu og hrós úr nærsamfélaginu en ekki úr samfélagslegum samræðum. Vel er tekið á móti nýliðum og allir eiga sitt pláss. Hópur starfsfólks er fjölbreyttur og er litið á það sem kost, allir fá að eiga rödd, fólk er óhrætt við að tjá skoðanir sínar og tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða. Hjálpssemi ríkir í hópnum, auðvelt er að fá stuðning og fólk deilir þekkingu. Vel er tekið í hugmyndir að nýjungum í starfi og fólk er hvatt til að prófa. Foreldrar upplifa jákvæðan starfsanda og metnað og virðingu gagnvart sér. Samvinnu og samþætting leik- og grunnskóla telja þeir sterkan þátt. Skemmtinefnd starfsfólks er starfandi við Bláskógaskóla og er þess gætt að fulltrúar séu úr báðum skólastigum.

Styrkleikar

- Skipurit fyrir skólann er til og er aðgengilegt á heimasíðu og í starfsáætlun Bláskógaskóla.
- Góð samvinna er við skólanefnd sveitafélagsins.
- Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu Bláskógaskóla.
- Gerð hefur verið starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.
- Undirbúningstímar falla ekki niður.
- Starfsþróunarsamtöl eru fjögur á ári.
- Símenntunaráætlun er aðgengileg í starfsáætlun skólans.
- Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim er gott.
- Starfsfólk upplifir virðingu og hrós úr nærsamfélaginu.
- Foreldrar upplifa gott upplýsingaflæði.
- Skólabragur og starfsandi er góður og starfsfólki líður vel í starfi.
- Foreldrar telja samvinnu og samþættingu leik- og grunnskóla sterkan þátt.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Í skólanámskrá skal tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig vinna á að Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara.
- Auka eftirfylgni eftir starfþróunarsamtöl.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skólahúsnæðið er rúmgott og gert er ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Yngri deildin hefur yfir að ráða þremur stofum og hreinlætisaðstöðu. Gluggar sem snúa út í garð ná niður að gólfi og gefur það yngstu börnunum tækifæri til að fylgjast með útsvæðinu. Ein stofan er nýtt til hvíldar og tvær stofur eru með borði og stólum, milli þeirra er tvöföld hurð, þannig að hægt er að gera þetta að einu rými. Stórir speglar eru víða niður við gólf og teppamottur eru á gólfum. Stórt fiskabúr er í heimastofunni. Aðstaða er fyrir hlutverkaleik með eldhúseiningum, lágu borði, stólum og stóru rúmi. Hillur og skúffuskápar eru fyrir leikföng og á veggjum eru hillurekkar fyrir bækur og púsl.

Eldri deildin hefur stóra heimastofu sem hægt er að skipta með færanlegum skilrúmum. Skúffuskápar, hillur og gólfmottur eru einnig notaðar til að skipta stofunni niður í svæði. Gert er ráð fyrir hlutverkaleik og borð og stólar eru í rýminu til að vinna við sem og sófi. Lokaðir skápar þar sem geymd eru leikföng og annar efniviður, eru á einum vegg. Deildin hefur aðgang að stofu við hliðina á heimastofunni þar sem hægt er að vinna með minni hóp en þar er stórt borð, stólar og hillur með kennslugögnum fyrir sérkennslu. Sérstök matstofa er fyrir eldri börnin. Hreinlætisaðstaða er inn af fataklefa, ekki í tengslum við deildina, þannig að erfitt er að hafa yfirsýn. Nýbúið er að breyta fataklefa og setja upp fatahólf fyrir yngri börnin á ganginum og taka skilrúm og rýmka aðstöðuna fyrir eldri börnin.

Leikskólinn er vel búinn náms- og kennslugögnum. Ýmiss konar kubbar, dýr, bílar, efniviður fyrir skapandi starf, hlutverkaleik og fínhreyfingar er sýnilegur og aðgengilegur börnum. Ritmál, bók- og tölustafir eru sýnileg í umhverfinu. Skúffur, skápar og ílát undir leikföng er merkt með orðum og myndum. Vagnar með efnivið til listsköpunar eru inni á deildum. Dagskipulag er myndrænt og aðgengilegt í hæð barnanna. Útsvæðið er litríkt, skapandi og aðlaðandi fyrir börnin og mikið af fjölbreyttum leiktækjum. Einnig geta eldri börnin nýtt leiksvæði grunnskólans. Svæðið í kringum leikskólann býður upp á fjölbreyttar vettvangsferðir og útinám.

Í viðtölum kom fram að á eldri deild vinnur allt starfsfólk saman að dagskipulagi en á yngri deild er það kennarinn sem gerir það í samstarfi við starfsfólk. Dagskipulag einkennist af frjálsum leik, hópastarfi, hvíld og útiveru. Skipulagðar sögu- og samverustundir eru á hverjum degi. Á vettvangi sáu matsaðilar að gætt er jafnvægis á milli borð og gólfleikja.

Starfshættir

Í skólanámskrá Bláskógaskóla segir að grunnurinn að góðu leikskólastarfi sé virðing fyrir barninu og það að skapa því öruggan og ánægjulegan stað til leiks og náms. Lögð er rík áhersla á lýðræði, félagsfærni og samvinnu. Mikil áhersla er á útinám og fara elstu börnin meðal annars með grunnskólabörnunum í fyrsta til fjórða bekk einu sinni í viku í útinám. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni þar sem náttúran og upplifun barna af því umhverfi og samfélagi sem skólinn er í spilar stórt hlutverk. Málörvun, hreyfiþroski og efling seiglu og félagsþroska eru útgangspunktur í þeirri vinnu með leikskólabörnunum. Skólinn hefur um árabíl verið grænánaskóli. Og er unnið er samkvæmt viðmiðum og verklagi grænánaverkefnisins að því að efla náttúruvernd og umhverfisfræðslu. Síðustu ár hefur verið unnið að dyggðakennslu en notast er við svokölluð dyggðarkort. Kortin eru notuð bæði ein og sér en einnig til stuðnings við þær kennsluáferðir sem notaðar eru í skólanum. Dyggðirnar styrkja sjálfstæði og sjálfsmynd barnsins, frjálstan leik og félagsleg samskipti innan sem utan skólans. Á vettvangi sáu matsaðilar spjöld með þeim dyggðum sem verið er að leggja áherslu á hverju sinni svo og þeim sem börnin þekkja nú þegar. Lögð er rík áhersla í starfsáætlun á að börnin læri, noti og hlusti á þau orð og tilfinningar sem þau sjálf búa yfir og aðrir í kringum þau. Að barnið sýni sér og öðrum í kringum sig sjálfsást, mildi, kunni að meta sig og sérstöðu sína ásamt því að bera virðingu fyrir sér og öðrum. Í skólanámskrá er horft til stefnu og starfsáferða Reggio Emilia þar sem meginmarkmiðin eru að hvetja barnið sem einstakling til að nota öll sín skilningarvit, „málin sín hundrað“ og starfar leikskólinn markvisst að því að efla og ýta undir frumlega og skapandi hugsun.

Á vettvangi sáu matsaðilar að litið er til aðferða Reggio Emilia við skipulag umhverfisins. Frjálsa leiknum er gefið gott rými í dagskipulaginu og í námskrá segir meðal annars: „Frjáls leikur barns eflir ímyndunarafli, einbeitingu, félagsfærni og vináttubönd. Í leiknum fer fram mikil málörvun ásamt því að efla hreyfifærni barnsins eftir því hvernig leik verið er að leika.“

Í starfsáætlun kemur fram að félags- og tilfinningafærni barna er eflað með *Vináttuverkefningu Blæ* en hugmyndafræði þess endurspeglast í eftirtöldum gildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. *Lubbi finnur málbein* er ein af leiðum leikskólans í vinnu með málproska. Hvert máhljóð er tengt við bókstaf og hverju máhljóði fylgir ákveðið lag, stutt saga og hreyfitákn. Unnið er með elstu börnin í ART en það er félagsfærniþjálfun, þjálfun í sjálfstjórn og efling á siðferði.

Aðstoðarskólalastjóri og kennarar leiða uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum, leiðbeina starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsfólks á vinnusvæði. Í viðtali við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk kom fram að reynt er að horfa til menntunar, áhuga og reynslu þegar verið er að dreifa verkefnum milli starfsfólks. Mikið samstarf er við grunnskólann og unnið er eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi þar sem leikskólabörnin taka þátt í hinum ýmsu athöfnum eins og útinámi, hönnun og smíði, ART og leiklist. Eldri börnin borða í sér herbergi þar sem þau skammta sér sjálf af hlaðborði en starfsfólk er þeim til aðstoðar. Hluti barnanna byrjar að borða og á meðan eru hin börnin í öðru herbergi í leik. Þegar barn er búð að borða gengur það frá eftir sig og býður næsta barni að koma. Yngstu börnin sitja við borð og fá matinn á borðið til sín. Starfsfólk situr til borðs með börnunum.

Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á virðingu og að hlustað sé á hugmyndir þeirra. Á vettvangi sáu matsaðilar að starfsfólk beygði sig niður til barnanna til að ná augnsambandi við þau, einnig sat það á gólfinu eða við borð með þeim. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að ekki er til samræmt verklag um það hvernig bregðast á við krefjandi hegðun hjá barni. Jafnframt kom fram að það er góð samvinna í skólanum. Starfsfólk deilir þekkingu sinni, hjálpast að og tjáir sig um starfið.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá segir að í leikskólastarfinu sé lögð rík áhersla á lýðræði, meðal annars með því að efla og ýta undir skapandi hugsun og nota opnar spurningar eins og hvað, hvernig og hvers vegna. Hver og einn einstaklingur er styrktur í að öðlast sterka sjálfsmynd, sjálfsöryggi og trú á eigin getu. Í rýni-viðtölum kennara, starfsfólks og stjórnanda kom fram að lögð er áhersla á jafnrétti og þátttöku allra barna í ákvörðunartöku. Þá kom einnig fram að mikilvægt sé að börnin upplifi að það sé hlustað á þau og borin sé virðing fyrir þeim. Það leiðir af sér að börnin verða öruggari með að tjá sig um vilja sinn. Kennarar og annað starfsfólk sögðu í viðtali að í samverustundum séu börnin spurð hvað þau vilji gera. Lagt er upp með að börnin segi „mig langar til að gera þetta“ og þá er þeim svarað með rökum hvers vegna er hægt að verða við ósk þeirra eða ekki.

Vettvangsferðir eru ýmist skipulagðar fyrirfram eða börnin spurð í upphafi ferða hvert þau vilji fara og hvað þau vilja gera. Útinám elstu barnanna er að mestu skipulagt fyrirfram í samvinnu við grunnskólann. Starfsfólk telur að börnin hafi mikið um það að segja hvar þau leika sér, með hvaða efnivið og með hverjum. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar til dæmis við að klæða sig í og úr í fataklefa.

Í rýnihópi barna kom fram að börnin segjast mega ráða hvað þau leika í útiskólanum en ekki hvert þau fara en þegar þau koma í grunnskólann fá þau að ráða. Börnin segjast mega ráða með hvað þau séu að leika sér og við hvern, megi hætta þegar þau vilja en þurfi fyrst að ganga frá eftir sig. Jafnframt sögðust börnin mega ráða hvort leikið sé inni eða úti. Einnig kom fram að þau mega fara í bókasafnið og skoða bækur. Börnin sögðu að það væru reglur í skólanum en þau hefðu ekki búð þær til. Það er bannað að skilja útundan og að leyfa ekki hinum að vera með. Börnin töldu að það væri engin regla erfið. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að það væru reglur og að börnin tækju þátt í að gera þær en þar sem vetrarstarf er að hefjast væri mál að taka upp umræðu um reglur með elstu börnunum. Á vettvangi sáu matsaðilar að búð var að taka fram blað með reglum og umræðan var byrjuð.

Námssvið

Í skólanámskrá Bláskógaskóla er fjallað um grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Þar kemur meðal annars fram að grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að samfellu í öllu skólastarfi. Einnig að grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Unnið er með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Börnin eru hvött til frásagna og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í samverustund og í fataklefa. Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning. Markviss orðakennsla hefur áhrif á lesskilning og með samræðum er lögð áhersla á að efla málskilning og máltjáningu. Vinna við sögugerð eða ljóð er ekki sýnileg. Markvisst er unnið með *Lubbi finnur málbein* og almenna málörvun. Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og aðgengi barna að bókum er gott. Matsaðilar sáu að bækur eru víða í umhverfinu. Eins og áður hefur komið fram hafa börnin greiðan aðgang að bókasafni skólans. Öll börn á eldri deildinni fara einu sinni í viku í málörvunartíma með sérkennslustjóra þar sem þau spjalla, spila, vinna verkefni og vinna með Lubba og máhljóðin. Á heimasíðu Bláskógaskóla má finna lestrarstefnu leikskólans.

Mikið er lagt upp úr heilbrigði og vellíðan. Bláskógaskóli er þátttakandi í Heilsueflandi samfélagi sem hefur það að markmiði að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan. Eins og áður hefur komið fram leggur skólinn aðaláherslu á útinám og er sérstakur verkefnastjóri yfir því. Útivist er að lágmarki einu sinni á dag. Reglulega er farið í vettvangsferðir og svæðið kringum leikskólann er nýtt til náms. Leikskólinn hefur í samstarfi við grunnskólann aðgang að útikennslusvæði þar sem meðal annars er eldstæði, og náttúran er notuð til margvíslegra leikja og sköpunar. Aðstaða er fyrir börnin að hvíla sig eftir aldri og þörfum. Unnið er með *Vináttuverkefnið Blæ* og vellíðan barna er studd með sérstökum félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju. Leikskólinn fær mat úr eldhúsi menntaskólans á Laugarvatni þar sem lögð er áhersla á hollt og næringarríkt fæði.

Unnið er með sjálfbærni og vísindi í tengslum við vettvangsferðir og útinám. Reynt er að nýta það sem finnst í náttúrunni til uppgötvunar og rannsókna með börnunum. Í skólanámskrá segir að auka þurfi meðvitund um viðhorf, ábyrgð og hlutverk okkar sem borgara gagnvart umhverfinu og er það meðal annars gert með útináminu. Skólinn er grænánaskóli og í skólanámskrá kemur fram að það verkefni ýti undir samfélagslega ábyrgð og efli alla sem að því koma til meðvitundar um hlutverk hvers og eins einstaklings til framtíðar. Ræktunarkassar þar sem ræktað er ýmiss konar grænmeti er við leikskólann og sorp er flokkað.

Í skólanámskrá segir að sköpun í námi snúist ekki eingöngu um list og verkgreinar heldur einnig um að skólinn stuðli að skapandi leiðum og lausnum í þeim viðfangsefnum sem nemandinn tekst á við daglega og efla trú nemandans á eigin getu. Mikil sköpun er í útinámi þar sem börnin nota ímyndunaraflið til leikja einnig í öðrum frjálsum leik. Listsköpun fer að mestu fram inni á deildum en efniviður til listsköpunar og annars skapandi starfs er ekki sýnilegur börnum fyrir utan pappír og litir. Myndverk eftir börnin eru sýnileg á veggjum. Söngstund er á dagskipulagi yngri deildar fyrir hádegismat og annan hvern föstudag koma saman á sal, allur grunnskólinn og eldri deild leikskólans, þar sem unnið er með söng, tónlist, leiklist og framkomu.

Velferð og líðan barna

Að mati matsaðila einkennist andrúmsloft í leikskólanum af umhyggju, virðingu fyrir einstaklingnum og hlýju viðmóti. Á vettvangi sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfssöm börn. Samskipti starfsfólks við börnin eru uppbyggileg og starfsfólk sýnir þolinmæði. Í rýnihópi barna kom fram að þau eru glöð í leikskólanum og það er af því að það er skemmtilegt í skólanum. Jafnframt sögðu þau að kennararnir og Blær huggi þau þegar þeim líði illa. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að börnunum líði vel

í leikskólanum og þeim þyki gaman. Foreldrum finnst viðmót stafsólks einkennast af jákvæðni, virðingu, kærleik og þolinmæði. Einnig kom fram í viðtölum við foreldra að börnunum sé hrósað og komið sé til móts við þarfir þeirra. Nefnt var dæmi þar sem viðfangsefni skipulagðra stunda höfðaði ekki til barnsins og þá var fundið annað verkefni. Í rýnihópi kennara og starfsólks kom fram að þeir telja að þeir mæti börnunum af virðingu, jákvæðni, hvatningu og hrósi.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í *TRAS* lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Aðstoðarskólalastjóri ber ábyrgð á að *TRAS* sé framkvæmt. Starfsfólk er með í ráðum og fer umræðan fram á deildarfundum. Að hausti er *Hljóm-2* próf lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. *Hljóm-2* er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Einnig sér aðstoðarskólalastjóri ásamt sérkennslustjóra um *Hljóm-2* prófin. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru notaðir þegar það á við. Til er gátlisti sem leikskólakennarar hafa tekið saman og er hann notaður fyrir foreldrasamtöl. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í að fylla hann út. Í rýnihópi kennara og starfsólks kom fram að ekki er unnið með uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim. Til eru ferilmöppur þar sem safnað er myndverkum barna. Jafnframt kom fram að iðjubjálfi komi árlega og geri fínhyfimat á elstu börnunum. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum tvisvar sinnum á ári og þar hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með upplifun sína á stöðu barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Gott samstarf er á milli leikskólans og heilsugæslunnar. Tveggja og hálfárs- og fjöggra ára skimanir barna á vegum heilsugæslunnar eru gerðar af hjúkrunarfræðingi í leikskólanum.

Styrkleikar

- Leikskólinn er vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að þeim er gott.
- Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.
- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu.
- Unnið er með lýðræði barna.
- Starfsfólk er jákvætt og uppbyggilegt í samskiptum við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.
- Öll börn á aldri deild fara í málörvunartíma einu sinni í viku hjá sérkennslustjóra.

Tækifæri til umbóta

- Gera og samræma verklag um hvernig á að bregðast við erfiðri hegðun barna.
- Vinna ætti með uppeldislegar skráningar barna til að gera styrkleika, áhuga og getu þeirra sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.
- Gera efnivið til listsköpunar sýnilegri.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það sameiginlegt með grunnskólanum en í 45. gr. laga um grunnskóla segir að sveitarstjórn geti ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklamum leik- og grunnskóla. Á heimasíðu Bláskógaskóla kemur fram að gerðar hafa verið starfsreglur fyrir skólaráð. Í starfsáætlun skólans 2022-2023 kemur einnig fram að hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólanámskrá hans, starfsáætlun, rekstraráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans. Einnig skuli það fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Í starfsáætlun má sjá að skólaráð skal skipa til tveggja ára í senn, þar eiga sæti skólastjóri, foreldri leik- og grunnskólabarna, fulltrúi nemenda grunnskólans og fulltrúi starfsfólks leik- og grunnskólans. Fundir ráðsins eru áætlaðir í apríl, september en í maí er opinn fundur þar sem fjallað er um umbótaáætlun og niðurstöður innra mats kynntar ásamt vinnu að markmiðum næsta árs. Fram kemur á heimasíðu skólans að skólastjóri ber ábyrgð á starfi ráðsins. Á heimasíðu Bláskógaskóla eru ekki fundargerðir skólaráðs síðan í september 2021.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er það sameiginlegt með grunnskólanum. Samkvæmt skólastjóra og rýnihópi foreldra er foreldrafélagið virkur samstarfsaðili leikskólans. Félagið tekur þátt í framkvæmd fastra viðburða eins og vorhátíðar, piparkökuskreytingr í desember og við útskrift elstu leikskólabarnanna gefur það börnunum töskur. Einnig hefur það gefið leikskólanum gjafir einu sinni á ári. Í rýnihópi foreldra kom fram að þátttaka foreldra á aðalfundi félagsins sé lítil en góð þátttaka er á aðra viðburði.

Í samtali við aðstoðarskólastjóra kom fram að foreldrum barna sem eru að byrja í leikskólanum er boðið í heimsókn áður en barnið byrjar og er þá stundum boðið upp á viðtal. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og við upphaf leikskólagöngunnar fá foreldrar aðlögunaráætlun með upplýsingum um markmið aðlögunar, hvernig hún fer fram og til hvers er ætlast af þeim. Foreldrar eru með börnunum þrjá fyrstu dagana í leikskólanum en lengur ef þurfa þykir. Foreldrasamtal er tvisvar sinnum á ári þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna.

Á heimasíðu Bláskógaskóla eru hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Aðstoðarskólastjóri sendir reglulega rafrænt fréttabréf og foreldrar eru með Facebook-síðu þar sem settar eru inn upplýsingar og áminningar um viðburði og annað. Starfsfólk yngri deildar skráir hvernig yngstu börnin borða og sofa og fá foreldrar upplýsingar um það þegar þau sækja börnin í lok dags. Upplýsingatafla er í fatakefa þar sem daglega eru skráðar upplýsingar og einnig er þar rafrænn skjár þar sem myndir af starfi barnanna eru sýndar. Auk þess er upplýsingum komið til skila þegar börnin mæta eða eru sótt. Fram kom í rýnihópi foreldra að þeim finnst samskipti við starfsfólk góð sem og upplýsingaflæði en jafnframt kom fram að þeir nota heimasíðuna lítið. Í foreldrakönnun Skólalúpsins frá því í mars 2021 kemur fram að 75% foreldra eru ánægð með upplýsingar frá leikskólanum.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til skólans er gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um skólann og starfsfólk. Þeir eiga góð samskipti við starfsfólk og segja að viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af gleði, jákvæðni, hlýju, virðingu, kærleik og þolinmæði. Börnin eru hvött til sjálfhjálpar og þeim er hrósað. Foreldrar telja að komið sé til móts við þarfir og áhuga barnanna og gátu nefnt dæmi um það. Foreldrar sögðust geta fylgst með hvernig barninu gengur í leikskólanum í gegnum foreldrasamtöl þar sem ítarlega er farið yfir framfarir þeirra. Foreldrum þykir gott að leita til bæði skólastjórnenda og starfsfólks og telja að hlustað sé á skoðanir þeirra og reynt sé að koma á móts við óskir þeirra. Jafnframt kom fram í rýnihópi foreldra að þeim finnst miklar mannabreytingar vera í leikskólanum og telja þeir að starfsfólk mætti leggja sig betur fram við að taka á móti börnunum á morgnana. Einnig kom fram að allir kennarar hafi farið í sumarfrí á sama tíma og ungt, óreynt starfsfólk verið að leysa af, sem olli því að börnin voru óörugg að koma í skólann. Samkvæmt foreldrakönnun Skólalúpsins er ánægja foreldra

með stefnu leikskólans og verkefni barnanna ásamt daglegu starfi yfir landsmeðaltali og einnig viðmót starfsfólks til barnanna. Jafnframt kom fram að tæp 60% foreldra eru óánægð með tímasetningar viðburða sem þeim er ætlað að taka þátt í og telur sami fjöldi foreldra það ekki vera hvatt til þátttöku í leikskólastarfinu.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóla Bláskógaskóla og í skólanámskrá er gerð grein fyrir áætlun og markmiðum samstarfsins. Meðal annars er markmiðið með samvinnu skólastiganna að auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Þar kemur fram að það er jafn mikilvægt að leikskólabörn hafi tengsl við grunnskólann eins og að grunnskólabörn hafi tengsl við leikskólann. Elsti árgangur leikskóla-deildar og fyrsti til sjöundi bekkur grunnskóladeildar fara saman í útinám einu sinni í viku. Þegar líður á veturinn fá elstu börnin í leikskólanum tækifæri til að æfa sig að fara í hádegismat í borðsal með yngsta stigi grunnskólans. Áætlað er að einn mánuð í senn fari elstu börn leikskólans einu sinni í viku í smíði, textíl, forritun, matreiðslu og íþróttir. Allir verkgreinakennarar grunnskólans koma að þessu starfi ásamt einum kennara frá leikskólanum. Fyrsti og annar bekkur fara í markvissar heimsóknir í leikskólann, hver heimsókn samsvarar einni kennslustund. Frjáls leikur og samvera er lykilmarkmiðið í heimsóknunum og eflir það leikskólabörnin að fá að vera gestgjafar. Annan hvern föstudag koma saman á sal, allur grunnskólinn og eldri deild leikskólans. Á sal er unnið með söng, tónlist, leiklist og framkomu. Einu sinni í viku koma nemendur af unglingastigi og lesa fyrir nemendur á leikskólastigi. Í áðurnefndri foreldrakönnun kemur fram að tæp 67% foreldra finnst þeir ekki vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi barnanna á milli skólastiga.

Annað samstarf

Ekki er mikið um annað samstarf en það sem áður hefur komið fram við grunnskóladeild Bláskógaskóla. Í rýnivíðtölum við kennara og starfsfólk kom fram að Bláskógaskóli leitist við að vera þátttakandi í samfélaginu á Laugarvatni og sé tilbúinn að taka þátt í viðburðum sem höfði til barna.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og er það sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Við upphaf leikskólagöngu fá foreldrar aðlögunaráætlun með upplýsingum um markmið aðlögunar, hvernig hún fer fram og til hvers er ætlast af þeim.
- Gott upplýsingastreymi er til foreldra.
- Foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna er tvisvar á ári.
- Formlegt samstarf er á milli leikskóla- og grunnskóladeilda Bláskógaskóla.

Tækifæri til umbóta

- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Koma til móts við foreldra með tímasetningar á viðburðum leikskólans.
- Koma til móts við óskir foreldra varðandi móttöku barna á morgnana.
- Gera foreldra virka þátttakendur í undirbúningi á flutningi barna á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann í 20% starfi og ber hann ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu. Bláskógaskóli er aðili að skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en hlutverk þess er að veita þverfaglega og samræmda velferðarþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna. Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Fram kom í rýnihópum að unnið er samkvæmt snemmtækri íhlutun og stöðugt er verið að ræða saman og meta. Þegar upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni er það rætt á deildarfundum og foreldrar upplýstir um stöðu barnsins og hvað er búið að vera að vinna með í leikskólanum. Ef þurfa þykir er með samþykki foreldra send tilvísun á skólalþjónustu Árnesþings og fer þá af stað ákveðið ferli. Einstaklingsnámskrár eru gerðar með aðkomu foreldra og teymisfundir eru haldnir reglulega. Sérkennslustjóri stjórnar og skipuleggur sérkennslu leikskóla-deildar ásamt því að veita kennurum og leiðbeinendum faglega ráðgjöf. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með börn með sérþarfir inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. En ef þurfa þykir er unnið með þau einslega eða í fámennum hópi. Þar sem fá börn eru í leikskólanum er sérkennslustjórinn jafnframt vel kunnugur öllum börnum skólans. Í rýnihópi barna kom fram að börnin vita hver sérkennslustjórinn er og þau fá stundum að fara með honum í verkefnastund. Eins og áður hefur komið fram mætti bæta upplýsingastreymi til starfsfólks varðandi börn með þroskafrávik. Námsumhverfið býður upp á aðstæður til þjálfunar og auðvelt er að nálgast kennslugögn. Hjá Skólalþjónustu Árnesþings starfa kennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, talmeinafræðingur, félagsráðgjafi og sálfræðingur. Gott aðgengi er að ráðgjöf og kemur meðal annars sálfræðingur reglulega á fundum í grunnskólann og er þá hægt að leita ráða hjá honum. Eins og áður hefur komið fram er samstarf við heilsugæsluna varðandi skimanir á börnum. Ekki er formlegt samstarf við félagsþjónustu en fram kom í rýnivíðtölum við stjórnendur að ef upp koma mál er upplýsinga aflað á báða bóga og með nýjum farsældarlögum verður komið á formlegu samstarfi.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Notast er við sömu verkferla og við móttöku nýrra barna. Á heimasíðu Bláskógaskóla má sjá móttökuáætlun fyrir ný börn en varðandi börn með annað móðurmál en íslensku er aðeins fjallað um grunnskólabörn. Notað er myndrænt dagskipulag og aðrar myndir til að ná til barnanna. Ekki er unnið sérstaklega með heimamenningu barnanna. Unnið er með málörvun í daglegu starfi en auk þess sér sérkennslustjóri um málörvun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku eins og þurfa þykir. Leikskólinn notar túlka þegar það á við í samskiptum við foreldra. Upplýsingar á heimasíðu eru ekki á öðrum tungumálum en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og haldnir eru teymisfundir.
- Sérkennsla fer fram inni á deild og sem mest í daglegu starfi.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðiþjónustu hjá skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa skipulag sérkennslu og verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu.
- Bæta upplýsingastreymi til starfsfólks varðandi börn með þroskafrávik.
- Gera móttökuáætlun fyrir leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku.
- Hafa skal hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er aðeins fjallað um innra mat í grunnskóla og vísað í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Matsteymi er starfandi við skólann og í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem er jafnframt fulltrúi starfsfólks leikskólans auk kennara í grunnskólanum. Í rýnihópum kom fram að foreldrakannanir Skólapúlsins fara fram annað hvert ár. Starfsmannakannanir eru gerðar árlega með aðkomu Skólapúlsins og jafnframt gerir skólinn kannanir með öðru formi inn á milli. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og samtöl við starfsfólk fjögur árlega. Í viðtölum segja stjórnendur að niðurstöður úr samtölum við foreldra og starfsfólk séu nýttar í innra mat skólans. Sjálfsmatsáætlun hefur verið gerð en þarfnast endurskoðunar. Mat á starfsháttum fer fram á deildarfundum en mat og ígrundun kennara og starfsfólks á eigin starfsháttum er ekki liður í daglegu starfi þeirra. Eins og áður hefur komið fram, eru ekki sjáanleg í skólanámskrá markmið eða skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólastarfinu.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati leikskólans og hann, ásamt aðstoðarskólastjóra, tekur ákvörðun um áherslur og forgangsröðun innra mats. Starfsfólk og foreldrar koma ekki að ákvörðun um áherslur í innra mati. Niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum og viðtölum við foreldra og starfsfólk eru notaðar í innra mat. Mat á þroska og framförum barna er gert með viðurkenndum matslistum. Á deildarfundum fer fram svokallað samræðumat um starfið. Hvergi kemur fram hvernig meta skal aðferðir og leiðir í daglegu starfi leikskólans. Í rýnihópum kom fram að tekið er tillit til athugasemda frá skólaráði við gerð umbótaáætlunar. Ekki er ljóst með hvaða hætti er unnið með og úr þeim gögnum sem verið er að afla.

Opinber birting og umbætur

Ytra mat á starfsháttum Bláskógaskóla (grunnskóla) var gert 2019 og í kjölfarið var unnin umbótaáætlun fyrir grunnskóladeildina. Þar koma fram umbætur á stjórnun og innra mati Bláskógaskóla en ekki er fjallað þar sérstaklega um helstu áherslur í námi og kennslu leikskóladeildar. Ekki er tilgreint hvenær eða hvernig meta eigi árangur aðgerða. Umbótaáætlunin fyrir árið 2022-2023 liggur ekki fyrir. Ekki er gerð grein fyrir niðurstöðum frá deildarfundum þar sem rætt er skipulag og árangur í starfi. Greinargerð þar sem fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta, er ekki til staðar. Þar af leiðandi er ekki hægt að sjá hvernig niðurstöður greiningar á gögnum innra mats leiðir til helstu niðurstaðna sem getið er um í umbótaáætlun. Umbótaáætlun er kynnt skólaráði að hausti en foreldrar í rýnihópi kannast ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum eða fjallað sé um þær með einhverjum hætti. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að þau fá kynningu á umbótaáætlun.

Styrkleikar

- Framkvæmd matsins er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra starf leikskólans er metið út frá niðurstöðum á foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk og samræðumati starfsfólks.
- Gerð er sérstök matsskýrsla um niðurstöður innra mats.
- Áætlanir um umbætur eru kynntar skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Umbótaáætlun á að taka mið af öllu skólastarfi á báðum skólastigum.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast mark-

miðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.

- Leita skal leiða til að meta líðan og viðhorf barna til leikskólastarfsins.
- Gera sýnilegt hvernig aðferðir og leiðir í starfi leikskólans er metið.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að hlutverki skólaráðs til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Endurskoða reglulega sjálfsmatsáætlun og gera þar grein fyrir innra mati í leikskólanum.
- Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans í Bláskógaskóla: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Útileiksvæði leikskólans er nýuppgert og er mikil ánægja hjá foreldrum og starfsfólki með hvernig til tókst.
- Skólinn tekur mið af lestrar- og skólastefnu sveitarfélagsins og er hluti af heilsuefandi samfélagi.
- Bláskógaskóli er grænánaskóli og er umhverfi leikskólans nýtt til náms og leikja.
- Bláskógaskóli tók þátt í Erasmus verkefni á síðasta ári.
- Skipurit fyrir skólann er til og er aðgengilegt á heimasíðu og í starfsáætlun Bláskógaskóla.
- Góð samvinna er við skólanefnd sveitarfélagsins.
- Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu Bláskógaskóla.
- Gerð hefur verið starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.
- Undirbúningstímar falla ekki niður.
- Starfsþróunarsamtöl eru fjögur á ári.
- Símenntunaráætlun er aðgengileg í starfsáætlun skólans.
- Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim er gott.
- Starfsfólk upplifir virðingu og hrós úr nærsamfélaginu.
- Foreldrar upplifa gott upplýsingaflæði.
- Skólabragur og starfsandi er góður og starfsfólki líður vel í starfi.
- Foreldrar telja samvinnu og samþættingu leik- og grunnskóla sterkan þátt.
- Leikskólinn er vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að þeim er gott.
- Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.
- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu.
- Unnið er með lýðræði barna.
- Starfsfólk er jákvætt og uppbyggilegt í samskiptum við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.
- Öll börn á eldri deild fara í málörvunartíma einu sinni í viku hjá sérkennslustjóra.

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og er það sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Við upphaf leikskólagöngu fá foreldrar aðlögunaráætlum með upplýsingum um markmið aðlögunar, hvernig hún fer fram og til hvers er ætlast af þeim.
- Gott upplýsingastreymi er til foreldra.
- Foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna er tvisvar á ári.
- Formlegt samstarf er á milli leikskóla- og grunnskóladeilda Bláskógaskóla.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og haldnir eru teymisfundir.
- Sérkennsla fer fram inni á deild og sem mest í daglegu starfi.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðipjónustu hjá skóla- og velferðapjónustu Árnesþings.
- Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Framkvæmd matsins er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra starf leikskólans er metið út frá niðurstöðum á foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk og samræðumati starfsfólks.
- Gerð er sérstök matsskýrsla um niðurstöður innra mats.
- Áætlanir um umbætur eru kynntar skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga um kennara.
- Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga, svo sem fjölnota rými til hreyfi-leikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða.
- Huga þarf að þátttöku starfsfólks og skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Kynna stefnu og áherslur skólans fyrir foreldrum.
- Endurskoða skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Í skólanámskrá skal tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig vinna á að Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara.
- Auka eftirfylgni eftir starfþróunarsamtöl.
- Gera og samræma verklag um hvernig á að bregðast við erfiðri hegðun barna.

- Vinna ætti með uppeldislegar skráningar barna til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.
- Gera efnivið til listsköpunar sýnilegri.
- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Koma til móts við foreldra með tímasetningar á viðburðum leikskólans.
- Koma til móts við óskir foreldra varðandi móttöku barna á morgnana.
- Gera foreldra virka þátttakendur í undirbúningi á flutningi barna á milli skólastiga.
- Æskilegt er að hafa skipulag sérkennslu og verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni aðgengilegt á heimasíðu.
- Bæta upplýsingastreymi til starfsfólks varðandi börn með þroskafrávik.
- Gera móttökuáætlun fyrir leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku.
- Hafa skal hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Umbótaáætlun á að taka mið af öllu skólastarfi á báðum skólastigum.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Leita skal leiða til að meta líðan og viðhorf barna til leikskólastarfsins.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að hlutverki skólaráðs til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Endurskoða reglulega sjálfsmatsáætlun og gera þar grein fyrir innra mati í leikskólanum.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskóla Bláskógaskóla leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í samreknnum leik- og grunnskóla. Skóla- og lestrarstefna sveitafélagsins ásamt einkunnarorðum Bláskógaskóla *virðing, vinátta og gleði* birtast vel í starfinu. Skólabragur og starfsandi er góður og ánægja er með stjórnun skólans. Vel er haldið utan um stuðning og sérkennslu barna í leikskólanum. Börnunum líður vel og áhersla er lögð á lýðræðislega þátttöku þeirra í skólastarfinu. Meiri hluti foreldra er ánægður með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Tækifæri til umbóta felast meðal annars í endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og að tryggja aðkomu allra sem málið varðar. Meta ætti stefnu og markmið leikskólans reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef september 2022

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Gögn frá skólastjóra.

Heimasíða Bláskógaskóla: <https://blaskogaskoli.is/>

Heimasíða Bláskógabyggðar: <https://www.blaskogabyggd.is/>

Heimasíða Skóla- og velferðarsviðs Árnesþings. <https://www.arnesthing.is/skolathjonusta/>

Innra mat – umbótaáætlun 2021–2022:

<https://blaskogaskoli.is/innra-mat-umbotaaaetlun-2021-2022/>

Lestrarstefna leikskólasviðs Bláskógaskóla:

<https://blaskogaskoli.is/leikskolinn/lestrarstefna-leikskolastig/>

Lestrarstefna leikskólasviðs Bláskógaskóla:

<https://blaskogaskoli.is/leikskolinn/lestrarstefna-leikskolastig/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Sjálfsmatsskýrsla Bláskógaskóla 2018–2021:

<https://blaskogaskoli.is/sjalfsmatsaaetlun-2018-2021/>

Skóladagatal:

https://blaskogaskoli.is/wp-content/uploads/2022/09/Skoladagatal-2022-2023_loka.pdf

Skólanámskrá Bláskógaskóla 2020–2024:

<https://blaskogaskoli.is/wp-content/uploads/2022/01/Skolanamskra-Blaskogaskoli-Laugarvatni.pdf>

Skólastefna Bláskógabyggðar:

https://www.blaskogabyggd.is/wp-content/uploads/2018/06/SK%C3%93LASTEFNA_2018.pdf

Starfsáætlun Bláskógaskóla 2022–2023.

Starfsmannahandbók

<https://blaskogaskoli.is/starfsmannahandbok-blaskogaskola-laugarvatni/>

Viðtöl:

Viðtal við aðstoðarskólastjóra.

Viðtal við skólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kennara.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

Viðtal við sveitarstjóra Bláskógabyggðar.

